

Sveitarfélagið Vogar
Davið Viðarsson
Iðndal 2
190 Vogar

Reykjavík, 30. janúar 2023
UST202301-131/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Íbúðarbyggð norðan byggðar, Grænaborg – 2 áfangi – Sveitarfélagið Vogar

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs sveitarfélagsins Voga er barst 10. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að lýsingu á deiliskipulagi fyrir annan áfanga Grænaborgar sem er íbúðarbyggð í Vogum

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið gengur út á að skipuleggja íbúðarbyggð með um 330 íbúðum í sérbýlishúsum og fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir að einbýlishús og parhús á einni hæð verði vestast á svæðinu nærst ströndinni en þar fyrir ofan komi lítil fjölbýlishús eða raðhús á tveimur hæðum. Stærri og hærri fjölbýlishús (allt að 4 hæðir) verða við norðurjarðar svæðisins nærst Vatnsleysustrandarvegi. Dælustöð fráveitu verður vestan og neðan byggðarinnar.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Tjarnir á Vatnsleysuströnd sem aðrar náttúruminjar. Svæðið afmarkast af Síkistjörn, Vogatjörn, Mýrarhústjörn, Gráhellu, tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakotstjörn, Kálfatjarnartjörn og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. Svæðinu er lýst sem lífríku tjörnum með fjölbreyttu fuglalífi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð lýsingar og tillögunnar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt er að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að meginhluti svæðisins er hraun sem er að miklu leyti þakið mosapembu.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun á hrauni nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð lýsingar og tillögunnar.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, það þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauni og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að tillagan geri ráð fyrir að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á opnum svæðum. Mikilvægt sé að kortleggja hraunmyndanir á svæðinu og þær sýndar á korti/mynd sem fylgja tillögunni.

Hins vegar er óljóst hvernig ofangreint verður útfært á deiliskipulagsstigi. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að innan svæðisins séu jarðminjar kortlagðar og svæðið hannað með þeim hætti að götur, lóðir, göngustígar, leiksvæði og byggingarreitir séu staðsettir með tilliti til minjanna.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólþs hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur sveitarfélaga kemur fram: Sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Sveitarfélaginu ber einnig að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ þar sem krafa er um að þéttbýlið hreinsi skólþ a.m.k. með grófhreinsun á skólþi (að mesta lagi 3 mm götun á beltasíu eða sambærilegt kerfi) eða það sem heilbrigðiseftirlit telur viðeigandi miðað við aðstæður. Krafa um hreinsun er í gildi og óskar Umhverfisstofnun eftir að sveitarfélagið geri grein fyrir fyrirætlunum um hreinsun á fráveituvatni og hafi samráð og upplýsi Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um fyrirætlanir sínar.

Gera þarf grein fyrir hvernig og hvort eldra fráveitukerfi þéttbýlisins tekur við skólþi frá nýjum hverfum.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að sveitarfélagið hafi í huga og geri ráð fyrir aukinni hreinsun á skólþi í framtíðinni t.d. með því að gefa hreinsistöðvum meira rými í skipulagi. Einnig er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að hafa í huga hvernig það ætlar að takast á við loftslagsbreytingar með tilliti til álags á fráveitukerfi en nú þegar kemur fyrir að fráveitukerfi ráða ekki við vaxandi úrkomuákefð og ágang sjávar vegna hækkunar sjávarstöðu.

Auk þess vill stofnunin benda á að útrásirnar þurfa að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatn og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Sjóvarnir

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að fjallað sé um sjóvarnir í tillögunni, tilgang þeirra og áhrif á umhverfið

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur